

* Tollflokkun

Úrskurður nr.9/2001

Kærð er tollflokkun tollstjóra á rafali í tnr. 8501.3200 sem sett var fram í "Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru". Kærandi krefst þess að varan verði tollflokkuð í tnr. 8501.3200. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.

Lög nr. 55/1987 101. gr, 142.gr.

Með ódagsettu bréfi frá V. er barst ríkistollanefnd þann 1. október s.l. er kærð tollflokkun tollstjóra sem sett var fram í "Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru", um tollflokkun rafala í tnr. 8511.8000. Kærandi krefst þess að varan verði tollflokkuð í tnr. 8501.3200. Fram kemur í lýsingu kæranda að þetta séu hleðslurafalar fyrir báta til hleðslu inn á neyslugeyma bátsins en ekki til ræsingar á vél. Rafalarnir eru einangraðir og eru 24 volt 90 amper – 175 amper. Með fylgdu myndir af tveimur rafölum.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi þann 1. október s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 16. s.m. segir m.a. að embættið hafi aflað frekari gagna um viðkomandi rafala og notkun þeirra hjá kæranda og af heimasíðu framleiðandans. Rafalarnir eru af gerðunum 2500, 90 ampera útgáfa og af gerðinni 8SC, 175 ampera útgáfa, frá fyrirtækinu Prestolite Electric, Leece-Neville Heavy Duty Systems. Hjá kæranda fékk tollstjóri þær upplýsingar að margir nútímabátar séu búnir rafknúnum færavindum auk ýmiss konar rafbúnaði og dugi upprunalegur rafall vélanna oft á tíðum ekki til að sjá öllum þeim búnaði fyrir nægjanlegri raforku. Fyrirtækið sjái um að koma aukarafali fyrir á vél bátsins sem knýr hann áfram með reimtengingu alveg eins og venjulegi rafalinn. Oftast þurfi að smíða sér festingu á vélina þar sem framleiðendur þeirra geri ekki ráð fyrir aukarafali. Þá segir að þeir vöruliðir sem deilt er um og til greina komi séu annars vegar vöruliður 8501 sem hljóðar svo; „*Rafhreyflar og rafalar (þó ekki rafalsamstæður)*“ og hins vegar vöruliður 8511. Þar er það síðari hluti vöruliðarins sem til greina kemur en hann hljóðar svo í heild; „*Rafræsi - eða rafkveikibúnaður fyrir brunahreyfla með neista - eða þrýstikveikju (t.d. kveikiseglar, kveikirafalar, kveikispólur, kveikikerti og glóðarkerti, ræsihreyflar); rafalar (t.d. dínamóar og alternatorar) og straumlukur til notkunar við slíka hreyfla*“. Jafnframt beri að líta til athugasemdar númer 2 við 85. kafla en hún hljóðar svo: *Til nr.8501.8504 teljast ekki vörur sem lýst er í nr. 8511, 8512, 8540, 8541 eða 8542. Kvikasilfursafriðlar, innbyggðir í málmhylki, teljast þó til nr. 8504*. Eins og fyrr segir eru rafalar þessir festir á vél báta, drifnir með reim frá henni og ætlað að hlaða rafgeyma og knýja þann aukabúnað bátsins sem knúinn er rafmagni. Bátavélar eru venjulega sprengihreyflar með þrýstikveikju (diesel - eða steinolíuvélar). Þær eru aðallega ætlaðar til að knýja bátinn áfram í sjó eða vatni en jafnframt er aukageta þeirra að knýja rafal til raforkuframléðslu um borð. Á stærri skipum er hins vegar sér ljósavél, þ.e. vél sem aðallega eða eingöngu knýr rafal til raforkuframléðslu. Á heimasíðu framleiðandans, komi fram til hvaða nota rafalarnir eru framleiddir, svo sem eins og í rútur og flutningabíla, landbúnaðar- og byggingatæki, björgunarbíla og lyftitæki. Það er því auðséð að þessir tilteknu rafalar (alternatorar) eru ætlaðir til nota með sprengihreyfli. Hvort þeir eru notaðir til að hlaða rafgeyma sem tengdir eru startara vélarinnar eða ekki, skiptir ekki máli í þessu sambandi. Með vísan í ofanritað krefst tollstjóri þess að staðfest verði að 24 volta rafalar til nota með sprengihreyflum báta flokkist í tnr. 8511.8000 á grundvelli 1. almennu túlkunarreglu tollskrár og 2. athugasemdar við 85. kafla hennar.

Kröfugerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 18. október s.l. og honum gefinn frestur til 5. nóvember 2001 til andsvara. Kærandi nýtti sér ekki þennan rétt sinn.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram og skoðað þá vöru sem deilt er um tollflokkun á. Eins og fram hefur komið er um að ræða tvær tegundir rafala: 24 volta og 175 amper og 24 volta og 90 amper. Rafalarnir eru riðstraumsrafalar útfærðir á sambærilegan hátt og venjulegir alternatorar sem settir eru í brunahreyfla bifreiða en mun stærri að umfangi eða 24 volta og 175 amper: 178 mm í þvermál og 212 mm á hæð og 251 mm að lengd. Rafalarnir eru því ekki settir í venjulegar festingar fyrir hefðbundna rafala á brunahreyflum í fólksbifreiðum heldur henta til mun stærri tækja/hreyfla. Þá er 24 volta og 90 ampera rafalinn útbúinn sérstakri stilliskrúfu til að fínstillja spennu (volt) hans en það er ekki algengt á "venjulegum" rafölum í fólksbifreiðum. Báðir rafalarnir hafa sérstakt "R" eða "AC" tengi sem stundum finnst á rafölum bifreiða og þá notað til að tengjast snúningshraðamæli bifreiða. Í upplýsingabæklingi framleiðanda 24 volta og 175 amper rafalsins kemur fram að slíkir rafalar séu notaðir til dæmis á neyðarfarartæki, rútur og þungavinnutæki (emergency vehicles, buses, heavy duty trucks). Rafalarnir eru seldir án driftengibúnaðar/reimskífu. Á upplýsingum framleiðanda 24 volta og 90 amper kemur fram að "dæmigerð" notkun sé til sjávar og í sérstakan búnað (Marine and special equipment). Það er óumdeilt að nefndir rafalar eru til notkunar við brunahreyfla. Með hliðsjón af 2. athugasemd við 85. kafla tollskrár svo og í athugasemdum á bls. 1446 í skýringarbók Alþjóðatollasamvinnuráðsins (liður f) en þar kemur fram að rafalar sem notaðir eru við brunahreyfla, eða fyrir raflýsingu eða merkjatæki (signalling equipment) fyrir hjól eða vélknúin farartæki (cycles or motor vehicles) er vísað frá 85.01og bent á 85.11 og 85.12 í sviga. Þá segir í sömu bók á bls. 1460 í athugasemdum við 85.11 að til kaflans teljist rafalar/alternatorar sem eru knúin af vélum og notast til að hlaða rafgeyma og til að sjá ljósum, merkjum, til hitunar og öðrum rafbúnaði fyrir rafmagni á vélknúnum farartækjum, flugvélum og þess háttar. Riðstraumsrafalar (alternators) séu búnir afriðlum.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið svo og rökstuðnings tollstjórans í Reykjavík úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða niðurstaða tollstjórans í Reykjavík skuli standa óbreytt.

